

Fátækt í heiminum

Mælingar á tengslum atvinnufrelsis, fátæktar og tekjudreifingar

Birgir Þór Runólfsson

Af hverju eru sumar þjóðir ríkar og aðrar fátækar, er líklega mikilvægasta spurning hagfræðinnar. Adam Smith, oft er sagður faðir hagfræðinnar, skrifaði um þetta mikið verk árið 1776 og hans meginspurningu má lesa í titli bókar hans: *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna*. Svar Smiths, og tilgáta hagfræðinga æ síðan, hefur verið sú, að hagkerfi sem byggja að mestu á markaðsskipulagi atvinnulífsins, skipulagi náttúrlægs frelsins eins og hann orðaði það, vaxi hraðar og skapi betri lífskjör, en þau hagkerfi sem byggja að minna leyti á markaði og í staðinn á stærra hlutverk ríkisins í atvinnustarfseminni. En er þessi tilgáta rétt í raun? Án víðtækra mælinga á efnahaglegu frelsi, atvinnufrelsi, gæti reynst erfitt að svara spurninguni á sannfærandi hátt.

Undanfarna áratugi hefur með fjölda rannsókna, sem byggja í mörgu á nútíma útfærslu af hugmyndum Smiths (North and Thomas 1973, North 1990), verið reynt að meta áhrif efnahagslegra, stjórnmalalegra- og lagalegra stofnana á efnahagsárangur hagkerfa. Þessar alþjóðlegu samanburðarrannsóknir eru oftast flokkaðar saman undir heitinu Nýja stofnanahagfræðin og þær sýna að stofnanir hafa mikil áhrif á hagvöxt og útskýra því mismunandi framleiðsluverðmæti landa (Acemoglu, Daron, and James Robinson, 2012). Aðrir þættir, eins og þjóðfélagsmenning, loftslag og landfræðileg staðsetning, geta einnig verið mikilvægir, en eiginleikar stofnana hafa almennt mun meiri skýringarmátt en hinar. Enn er þó umræða meðal fræðimanna um hverjar þessara stofnana séu mikilvægastar fyrir vöxt hagkerfa, og um tengsl orsaka og afleiðinga í efnahagslegu og stjórnmalalegu skipulagi. Þannig sýna rannsóknir að mun meiri áhrif og samkvæmni sé milli efnahagslegs vaxtar og hagrænna stofnana heldur en við stjórnmalalegra stofnana, eins og lýðræðis. Hins vegar, þá getur það auðvitað verið að þær vegi hvora aðra upp og fari saman. Breytingar í átt til stjórnskipulags byggt á lýðræði eiga sér oft stað annað hvort skömmu fyrir eða eftir efnahagslegar umbætur. Það hefur leitt af sér umræðu um hvort áhrifin verði önnur eftir því hvort efnahagsumbætur eða lýðræðisumbætur komi á undan, og af hverju umbætur verði í sumum löndum, en ekki öðrum.

Efnahagslegt frelsi í heiminum rannsakað

Nýja stofnanahagfræðin varpar ljósi á mikilvægi verkefnisins að baki hinu svokölluðu vísitölu atvinnufrelsis. Heiti verkefnisins er *Efnahagslegt frelsi í heiminum* (Economic Freedom of the World) og er unnið er unnin undir stjórn Fraser stofnunarinnar í Vancouver í Kanada, en í samstarfi sjálfstæðra rannsóknar- og fræðslustofnana í meira en í 80 löndum sem tengjast böndum í gegnum Samstarfsnet um efnahagslegt frelsi. Sá gagnagrunnur sem orðið hefur til í þessu verkefni gefur einna víðtækustu mælingu á það hversu mikið þjóðir heims byggja á skipulagi þar sem einstaklingar og fyrirtæki á markaði taka

ákvarðanir í atvinnulífinu, fremur en stjórnvöld. Það er mjög mikilvægt, að áreiðanlegur mælikvarði sé til svo fræðimenn geti rannsakað efnahagslegar og stjórnmálalegar stofnanir, og aðgreint frekar þá þætti sem mikilvægastir eru, og jafnframt mögulegt mikilvægi annarra þátta í þessu ferli. Það er jafnframt mikilvægt er að skoða lengri tímabil þegar rannsaka á hvað ræður mestu um hagvöxt og bætt lífskjör. Skammtíma flökt hagvaxtar getur átt sér ýmsar orsakir, svo sem í verðbreytingum alþjóðlegra viðskipta og hagsveiflum. Til skemmri tíma gætu ýmsir slembiþættir verið ráðandi og varpað hulu yfir tengslin milli atvinnufrelsis og hagvaxtar.

Undanfarna áratugi hefur fjöldi rannsókna sýnt fram á áhrif efnahagsfrelsis á hagvöxt og tekjur. Þessar empirísku rannsóknir eru af margvíslegum toga, en sér þessa eiga sameiginlegu tilgátu um atvinnufrelsi og lífskjör. Þó áhersla þeirra á einstaka mismunandi stofnanir séu ekki nákvæmlega þær sömu, þá er það samt meginniðurstaða þeirra að stofnaumhverfi sem samkvæmt er efnahagslegu frelsi örvi langtíma hagvöxt (sjá t.d. Pitlik, 2002; Berggren, 2003; Gwartney o.fl., 2006; de Haan o.fl., 2006; Doucouliagos og Ulubasoglu, 2006; Faria og Montesinos 2009; Efendic o.fl., 2011; Rode og Coll, 2012).

Efnahagslegt frelsi í heiminum mælt

Gögn verkefnisins *Efnahagslegt frelsi í heiminum* (Economic Freedom of the World) til mælinga á atvinnufrelsisvísitölunni ná nú til 144 landa, og yfir tímabilið frá 1970-2010. Ein megin ályktun sem draga má af skoðun þessara gagna er, að sterkt samband virðist vera á milli atvinnufrelsis, góðra lífskjara og hagvaxtar (Gwartney 2009; de Haan o.fl. 2006). Þannig hefur verið rannsakað sérstaklega í ljósi atvinnufrelsisvísitölnnar, hvort orsakasamband sé á milli atvinnufrelsis annars vegar og hagvaxtar og lýðræðis hins vegar. Niðurstöður þar rökstyðja, að sterkt orsakasamband sé milli atvinnufrelsis og hagvaxtar, en veikt (en samt eitthvað) milli atvinnufrelsis og lýðræðis, og að þá séu tengslin í raun frá lýðræði í gegnum efnahagsfrelsið (Rode og Gwartney 2012; Vega-Gordillo og Álvares-Arce 2003; Dawson 2003).

Hvernig er þetta frelsi skilgreint hér. Hér er rætt um atvinnufrelsi, en ekki um stjórnmálafrelsi eða einstaklingsfrelsi. Í ársskýrslunni *Efnahagslegt frelsi í heiminum 2012* er þetta atvinnufrelshugtak útskýrt rækilega (sjá einnig Gwartney, 2003). Vísitala atvinnufrelsis (index of economic freedom) ræðst af fimm megin sviðum:

1. Umfangi opinbers reksturs, skatta og fyrirtækja.
2. Lagalegu umhverfi og friðhelgi eignarréttar.
3. Aðgangi að traustum peningum.
4. Frelsi til alþjóðlegra viðskipta.
5. Reglbyrði á fjármagns- og vinnumarkaði og um fyrirtæki.

Innan þessara fimm megin sviða eru síðan 24 þættir, en sumir þeirra eru síðan aðgreindir í enn frekari undirþætti. Í heildina er vísitalan því byggð á 42 aðgreindum breytum, og hvert svið, þáttur og undirþáttur eru síðan sett á kvarða 0 til 10 sem byggir á dreifingu undirliggjandi gagna. Síðan eru undirþættirnir vegnir í meðatöl, og slíkt hið sama um þættina og á endanum hin fimm megin svið og til verður gildi fyrir hvert land. Hér á eftir er síðan stutt yfirlit um þær breytur sem vísitalan samanstendur af.

Umfang hins opinbera

Það eru fjórir þættir undir hér, sem að ná eiga utan um hversu mikið lönd reiða sig á stjórn málaferlið við ráðstöfun gæða og auðlinda. Þegar útgjöld hjá hinu opinbera aukast hlutfallslega á við útgjöld einstaklinga, heimila og fyrirtækja, þá kemur val hins opinbera í stað einstaklingsvals og efnahagslegt frelsi minnkar. Samneysla sem hlutfall heildarneyslu, annars vegar, og tilfærslur og niðurgreiðslur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF), hins vegar, mæla umfang hins opinbera. Hvort tveggja, aukin hlutdeild samneyslu og skattlagning sumra þegnanna og tilfærsla til annarra, minnkar frelsi einstaklinga til að ráðstafa sjálfaflafé sínu. Þriðji þátturinn mælir hversu mikið einstök lönd nota einkafjárfestingu og einkafyrirtæki fremur en opinbera fjárfestingu og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga til að stýra auðlindum. Starfsumhverfi stjórnvalda og hinna opinberu fyrirtækja er annað en umhverfi einkafyrirtækja. Hið opinbera og fyrirtæki þess eru ekki háð neytendum um tekjur eða fjárfestum um fjármagn, og starfa oft á lokuðum mörkuðum. Atvinnufrelsi er minna þegar opinber fyrirtæki framleiða hærra hlutfall heildarframleiðslunnar.

Fjórði þátturinn byggist á hæsta jaðarskattþreppinu og hlutfalli launatengdra gjalda og því tekjuþreppi sem skattheimtan hefst við. Hátt jaðarskattshlutfall á tiltölulega lágur tekjur eru einnig vísbending um umfang hins opinbera. Háir skattar minnka ráðstöfunarrétt þegnanna á sjálfsaflafé þeirra. Lönd með háa jaðarskatta og lág tekjuþrepp skatta fá þannig færri stig í þessum þætti vísitölunnar.

Til samans, þá mæla þessir fjórir þættir hversu mikið löndin reiða sig femur á einstaklingsval og markaði fremur en ríkisútgjöld og ákvarðanir á vettvangi stjórn mála. Lægri ríkisútgjöld, minni umfang opinbera geirans og fyrirtækja hans, og lægri jaðarskattar skila sér í hærra í vísitölunni.

Lagalegt umhverfi og friðhelgi eignarréttarins

Vernd borgaranna og eigna sem þeir hafa byggt upp er lykilatriði atvinnufrelsins og siðmenntaðs þjóðfélags. Þetta er í raun langmikilvægasta hlutverk ríkisvaldsins. Áherslan hér er því á atriði sem nauðsynleg eru atvinnufrelsi, svo sem réttarríki, friðhelgi eignarréttins, sjálfstætt, óháð og óvilhallt dómsvald og réttarkerfi. Til að meta hversu vel stjórnvöld valda þessu hlutverki sínu byggist mæling þessa hluta vísitölunnar á gögnum frá aðilum, sem allir eru ótengdir verkefninu um vísitölu atvinnufrelsins. Þetta eru *International Country Risk Guide*, sem PRG gefur út, *Global Competitiveness Report*, sem Alþjóðaefnahagsráðið (World Economic Forum) gefur út, og *Doing Business*, sem er verkefni á vegum Alþjóðabankans.

Friðhelgi eignarréttarins með vernd réttarríkisins skapar grundvöll bæði atvinnufrelsins og skilvirkari markaða. Viðskiptafrelsi er þannig merkingalaust ef eignarrétturinn er ekki verndaður, og þetta krefst líka verndar á sjálfsaflafé einstaklinganna, að þeir eigi tilkall til afurða vinnu sinnar. Þegar einstaklingar og fyrirtæki skortir trú á að samningar standi, að hægt verði að framfylgja þeim, eða að afurð framtaks þeirra njóti ekki verndar, þá dregur það úr hvatanum til framtaks. Þetta er því líklegast mikilvægasti þátturinn í þjóðfélagi til að auka skilvirkni í ráðstöfun auðlinda. Þjóðir sem hlúa ekki að þessu eru ólíklegar til að

efla hagvöxt og auka líf skjör, sama hversu vel þau standa sig hvað önnur svið eða þætti atvinnufrelsisvísitölunnar varðar.

Aðgengi að traustum peningum

Peningar eru olían á hjól viðskiptanna, og án traustra peninga er hætt við minni ábata viðkipta. Eins og hagfræðingurinn og nóbelsverðunahafinn Milton Friedman sýndi fram á fyrir löngu síðan, þá er verðbólga alltaf peningalegt fyrirbæri. Mikill vöxtur peningamagns leiðir ævinlega til verðbólgu, og þegar hún vex verður hún einnig óstöðugri. Há og sveiflukennnd verðbólga þjagar hlutfallslegt verð, og veldur grundvallarbreytingum varðandi forsendur langtímasamninga, og gerir einstaklingum og fyrirtækjum erfitt eða illmögulegt að móta áætlanir um framtíðina. Aðgangur að traustum peningum er þannig eitt lykilatriði til verndar eignarréttindum og, um leið, atvinnufrelsi. Þegar ríkisútgjöld eru fjármögnuð með peningaprentun, þá eru stjórnvöld í reynd að framkvæma eignarnám án bóta og að brjóta á atvinnufrelsi þegna sinna. Mikilvægt er því að einstaklingarnir hafi alltaf aðgang að traustum peningum.

Til viðbótar við gögn um verðbólgu og peningamálastefnu stjórnvalda, þá þarf einnig að huga að aðgengi einstaklinga og fyrirtækja að valkostum í peningamálum. Þannig er aðgengi að traustari peningum, sem valkost við þá peninga sem þeirra eigin stjórnvalda bjóða, mikilægt. Frelsi til að stofna og eiga gjaldeyrisreikninga eða frelsi til að stofna til bankaviðskipta erlendis eru dæmi um auknu aðgengi að traustum peningum og auknu atvinnufrelsi hér.

Til að fá hátt gildi hér verður landið að hafa stefnu og stofnanir sem leiða af sér lága verðbólgu eða stöðugs verðlags, og að forðast er að setja hömlur á notkun annarra gjaldmiðla.

Frelsi til alþjóðlegra viðskipta

Í heimi nútímans, heimi hátækninnar, þar sem kostnaðar samskiptatækni og samgönga er lækkar sífellt, er frelsi til alþjóðlegra viðskipta enn eitt lykilatriði atvinnufrelsis. Flest gæði, og mikið af þjónustu, er í dag, annað hvort framleitt að öllu leyti erlendis eða þarfnast a.m.k. íhluta erlendis frá. Frjáls viðskipti skapa gagnkvæman ábata, og það er einmitt sá mögulegi gagnkvæmi ábati sem er hvatinn að viðskiptum. Framlag alþjóðlegra viðskipta til betri líf skjara er allverulegt.

Að tilstuðlan sérhagsmunahópa og ýmissa verndartollasinna, þá eru enn staðar ýmiskonar viðskiptahindranir í nær öllum löndum. Tollar og innflutningskvótar eru hinir augljósu tálmar sem hindra alþjóðleg viðskipti. Fjármagnshöft og opinber gengisstýring draga einnig úr, eða koma algjörlega í veg fyrir, skiptanleika gjaldmiðla og hindra jafnframt alþjóðleg viðskipti með vörur og þjónustu. Þá getur tafasöm afgreiðsla tollstjórar einnig dregið úr viðskiptum og gert þau kostnaðarsamari. Slíkar tafir geta verið afleiðing óskilvirkis kerfis eða spillingar, nema hvort tveggja sé. Allt leiðir þetta til minna atvinnufrelsis.

Tilgangurinn hér er að mæla hinar fjölbreyttu hindranir sem áhrif hafa á alþjóðleg viðskipti: tollar, innflutningskvótar, duldar hindranir embættismannakerfisins og höft á gengi gjaldmiðla og fjármagn. Hátt vísitölugildi byggir á lágum tollum, skilvirkri tollafgreiðslu, skiptaleika gjaldmiðla, og litlum höftum á flæði fjármagns og mannaúts.

Reglustýring á mörkuðum

Þegar reglustýring hamlar innkomu aðila á markað og truflar því viðskipti sem einstaklingar vilja stunda af frjálsum vilja, þá er atvinnufrelsi skert. Þetta fimmta svið vísitölunnar einblínir á hömlur reglustýringar í viðskiptum á fjármálamarkaði, vinnumarkaði og vöru- og þjónustumarkaði. Á fjármálamarkaðnum er horft til þess hvort fjármálafyrirtæki eru í einkaeigu eða ríkiseigu, hvort lánsfjármagn komi frá einkaaðilum eða hinu opinbera, og hvort vaxtafrelsi er til staðar. Þau lönd sem byggja á fjármálastarfsemi í einkaaðila, fjármagni þeirra og frjálsum vöxtum fá hærri gildi í vísitölunni en hin.

Margskonar reglustýring á vinnumarkaði takmarkar atvinnufrelsi launþega og atvinnurekenda. Þar má m.a. nefna kvaðir um lágmarkslaun, reglur um uppsagnir, miðstýrðar launaákvæðanir, útvíkkun stéttarfélagssamninga til ófélagsbundinna launamanna, og nauðungarþjónusta. Hér er því reynt að mæla hversu miklar hömlur eru á frjálsum samningum á markaði og lönd fá herra vísitölugildi ef laun og ráðningakjör eru umsamin á markaði.

Loks er svo reynt að mæla hömlur sem reglustýring hefur á markaði vöru og þjónustu. Þar skiptir mestu að verðlagning sé frjáls og ákveðin á markaði, að aðgangur einstaklinga og fyrirtækja, og vöru og þjónustu sé ekki heftur eða að reglur valdi auknum kostnaði framleiðslunnar. Þá skiptir líka máli að reglur séu almennar, engin sérréttindi séu til staðar, né að nokkurs konar dulin eða ódulin fjárkúgun eigi sér stað með þeim, eða sum fyrirtæki verðlaunuð á kostnað annarra.

Tenging undirsviða og heildarsummu vísitölugildis

Kenningar hagfræðinnar gefa okkur vísbendingar um þá þætti sem eiga heima í vísitölunni og undirsviðum hennar, en ekkert í kenningunum segir þó hvert vægi hvers undirþáttar eigi að vera í vísitölunni. Það væri mjög til þæginda og einföldunar ef hver einstakur þáttur væri sjálfstæður og óháður öðrum þáttum og hægt væri ákvarða vigt hvers þeirra. Á undangengnum árum hafa hagfræðingar rannsakað og prófað ýmsar aðferðir við að vega saman þessa þætti, og að auki leitað álits fjölda hagfræðinga, þar sem þeir svöruðu spurningakönnunum um vægi þeirra. Aðstandendur *Efnahagslegt frelsi í heiminum* verkefnisins hafa einnig hvatt aðra hagfræðinga og fræðimenn til að byggja eigin útgáfur af frelsisvísitölu. Fjöldi rannsókna margra hagfræðinga, flestir alveg óháðir verkefninu, sýna langflestar mjög sambærilegar niðurstöður, að orsakatengsl eru milli efnahagslegs frelsis og hagvaxtar og bættra lífskjara.


Það virðist vera, að atvinnufrelsisvísitalan sé ekki mjög næm fyrir smávægilegum breytingum á þáttum né á vægi hvers þáttar í vísitölunni. Það vekur jafnframt spurning um hvort einstakir undirþættir séu sjálfstæðir eða verki saman, eins og hjól, vél, gírkassi, drifskaft, og grind ökutækis. Á sama hátt og það er samspil þessara tengdu hluta sem valda hreyfingu ökutækisins, þá getur verið að það sé samvirkni þessara tengdu þátta í vísitölunni sem skapa atvinnufrelsið. Þannig er það kannski eins með atvinnufrelsið og bílinn, að ekki er hægt að aðgreina hvaða íhlutur er mikilvægastur þar sem þeir verka saman. Ef einn af þessum íhlutum ökutækisins gefur sig þá er bíllinn út leik. Gæði stofnanaumhverfisins í þjóðfélagi eru þá eins. Ef einhver lykilþáttanna er ekki til staðar, þá líður áhrifamáttur stofnanaumhverfisins fyrir það. Atvinnufrelsisvísitalan er því samsett úr þeim

Þáttum sem skynsamlegir virðast, en ekki er reynt að veða saman þætti á einhvern sérstakan eða tiltekinn hátt þegar mælt er. Aðeins eru notuð meðaltöl til að veða saman þætti og sviðin. Vísitalan, þættir hennar og öll gögn, eru hins vegar aðgengileg öllum sem vilja, og fræðimenn eru hvattir til að rannsaka og prófa breytta vigt þeirra, eða annað það sem þeir telja að geti bætt árangur vísitölunnar, með það markmið í huga að nota megi hana til að við öðlumst meiri og betri þekkingu á því hvaða tilteknu stofnanir, lög, reglur, o.fl., það eru sem mestu skipta í auknum hagvexti og bættum lífskjörum folks í heiminum.

Nokkrar mælingar á atvinnufrelsi

Þetta línurit sýnir hið nána samband milli atvinnufrelsis og góðra lífskjara. Lífskjör eru mæld sem verg landsframleiðsla á mann, og hér eru þau í Bandaríkjadöllum. Í mælingunni árið 2010 voru hagkerfi 144 þjóðir, og er þeim hér skipt í fjóra fjórðunga eftir lífskjörum og meðaltalið fundið í hverjum fjórðungi.

Atvinnufrelsi og lífskjör



Álykta má hér, eins og rannsóknir sýna, að almennt gildi sú regla, að lífskjör eru því betri sem hagkerfið er frjálsara.

Hagvöxtur örari við atvinnufrelsi

Menn gera sér stundum ekki grein fyrir, hversu skammt er á milli feigs og ófeigs, þegar kemur að hagvexti. Á þessu línuriti sést, hversu mörg ár tekur að tvöfalda þjóðartekjur í einu landi við ólíkan hagvöxt.


Við verðum að hafa okkur öll við!



Þar sést, að það tekur hvorki meira né minna en 140 ár, ef hagvöxtur er að jafnaði 0,5% á ári. En ef hagvöxtur er 3%, tekur aðeins 23 ár fyrir þjóðartekjur að tvöfaldast. Það er stórkostlegur árangur, ef kjör manna batna svo mikið á innan við aldarfjórðungi. En strax og hægir á hagvexti, lengist þetta tvöföldunartímabil. Til dæmis tekur sjötíu ár að tvöfalda þjóðartekjurnar, ef hagvöxturinn er aðeins 1%. Við opið og frjálst alþjóðahagkerfi verðum við að hafa okkur öll við, ef við ætlum ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum.

Ef lífskjör eiga að batna, þá verður atvinnulíf að vaxa. Við 3% hagvöxt á ári tvöfaldast tekjur á rúmum tuttugu árum. Við 1% hagvöxt á ári tvöfaldast þær hins vegar á sjötíu árum. Hvar verður hagvöxtur örastur? Til að svara þeirri spurningu, nægir ekki að velja úr einstök lönd og einstök tímabil, sem henta áróðursmönnum. Líta þarf yfir mörg lönd og langan tíma.

Hagvöxtur örari við atvinnufrelsi




Í mælingu á atvinnufrelsi fyrir árið 2010, sem birt var 2012, kom fram sterkt langtímasamband milli hagvaxtar og atvinnufrelsis. Það var mælt í % fyrir tímabilið 1990–2010, eins og sést á þessu línuriti. Þegar hagkerfum heims var skipt í fjóra hluta, sást, að í frjálsasta fjórðungnum var hagvöxtur að jafnaði örastur, en að sama skapi hægstur í ófrjálsasta fjórðungnum.

Tiltöluleg kjör hinna tekjulægstu

Því er stundum haldið fram, að tekjuskiptingin sé því ójafnari sem hagkerfið sé frjálsara. Svo virðist ekki vera, ef mælingar eru skoðaðar. Tölurnar hér eru fyrir 1990–2010. Mæld voru 144 hagkerfi og þeim skipt í fjóra hluta og athugað, hver hlutur hinna fátæku (tekjulægstu 10%) í heildartekjum var. Engin sérstök regla sást eftir hagkerfum, en hlutur hinna fátækustu reyndist samt mestur, rúm 2,5%, í frjálsustu hagkerfunum.

Tiltöluleg kjör hinna tekjulægstu




Ályktunin er augljós: Ekkert samband er á milli atvinnufrelsis og ójafnrar tekjuskiptingar.

Töluleg kjör hinna tekjulægstu

Í lífsskjaramælingum eru ýmist mæld tiltöluleg (relative) kjör manna, hlutfall af tekjum annarra, eða töluleg (absolute) kjör, tekjur þeirra í einhverjum gjaldmiðli, t. d. Bandaríkjadal eða krónu. Við höfum séð hér að ofan, að tiltöluleg kjör fátækasta hópsins, hinna 10% tekjulægstu, eru ekki verri í frjálsustu hagkerfunum, hlutfall hans af heildartekjum ekki lægra.

Töluleg kjör hinna tekjulægstu



En þegar litið er á töluleg kjör fátækasta hópsins, hinna 10% tekjulægsta, eftir því, hversu frjáls hagkerfi séu, sést, að kjör hans í Bandaríkjadölum eru miklu betri að meðaltali í frjálsustu hagkerfunum en annars staðar. Ályktunin er augljós: Hinir fátækustu eru best settir í frjálsu hagkerfi.

Fátækir fæstir í frjálsu hagkerfi

Töluleg kjör hinna fátækustu eru þannig að jafnaði skárst í frjálsustu hagkerfunum, þar sem atvinnufrelsi er víðtækast. Kjör þeirra eru miklu verri í ófrjálsari hagkerfunum. Nú hefur töluleg fátækt stundum verið skilgreind sem 1,25 Bandaríkjadalur á dag í tekjur.

Fátækir fæstir í frjálssu hagkerfi




Á þessu línuriti sést, hversu hátt hlutfall af fólki eru undir þessum fátæktarmörkum í löndum heims. Þá er löndunum skipt í fjóra jafnstóra hluta eftir því, hversu frjálst hagkerfið er í hverju landi. Hér blasir við, að fæstir eru fátækastir í frjálssustu hagkerfunum, innan við 3% að meðaltali. En í hinum ófrjálssustu eru rúmlega 40% fólks að meðaltali undir þessum fátæktarmörkum. Notuð var mæling á vísitölu atvinnufrelsis og skoðað tímabilið 2000–2005. Raunveruleg fátækt er því langminnst í frjálssustu hagkerfunum.

Ójafnt og ríkt eða jafnt og fátækt?

Bandaríski heimspekingurinn John Rawls setti fram kenningu um það árið 1971, að tekjumunur yrði að vera öllum í hag, til að hagkerfi gæti talist réttlátt:¹ Í hagkerfinu yrðu hinir verst settu að vera eins best settir og þeir gætu framast orðið (oft kallað hásmörkun lágmarks). Spurning Rawls er ekki, hversu mikill tekjumunurinn er, heldur hvar kjör hinna tekjulægstu eru best.

Hvort er betra, A eða B?




Á þessu línuriti sjáum við tvö hagkerfi, A og B. Bláu súlurnar tákna tekjur hinna fátæku, rauðu súlurnar tákna tekjur hinna ríku. Í hagkerfi B er lítil tekjumunur, en hinir fátæku njóta lakari lífskjara en í hagkerfi A, þar sem tekjur þeirra eru hærri, en tekjumunur fátækra og ríkra líka meiri. Er A ekki betra en B? Rawls myndi svara já. Og hvar eru kjör hinna fátækustu skárst í hinum raunverulega heimi? Það kemur skýrt fram í alþjóðlegri mælingu á atvinnufrelsi ár 2010, sem hér hefur verið kynnt: Þau eru að jafnaði skárst í frjálssustu hagkerfunum.

¹ Rawls, J. 1971. *A Theory of Justice*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Lífslíkur því meiri sem hagkerfi eru frjálsari

Sterkt samband virðist á milli atvinnufrelsis og góðrar heilsu, og er orsakasambandið auðvitað það, að atvinnufrelsi leiðir til góðra lífskjara, og góð lífskjör bæta heilsuna, jafnt forvarnir og lækningar. Þetta samband sést á þessu línuriti og byggi á mælingum á atvinnufrelsi árið 2010. Síðan var hagkerfunum skipt í fjóra hluta og skoðað sambandið við lífslíkur. Þá kemur í ljós, að lífslíkur eru mestar í frjálsustu hagkerfunum.

Atvinnufrelsi og lífslíkur



Ályktunin er einföld: Menn njóta því betri heilsu sem þeir búa við meiri velmegun, og hana skapa þeir með meira atvinnufrelsi.

Lokaorð

Þó einhverjir telji hugsanlega, að atvinnufrelsi skipti ekki eins miklu máli og margvíslegt annað frelsi, þá geta þeir þó ekki neitað því, að þetta hugtak er til, vel skilgreint og að gott er að reyna að mæla það. Afurð verkefnisins *Efnahagslegt frelsi í heiminum, Atvinnufrelsisvísitalan*, er, a.m.k. enn sem komið er, hin besta mæling á efnahagslegu frelsi, sem ég þekki á því, þótt auðvitað sé hún ekki fullkomin. En hún er í sífelldri þróun, enda er tilgangurinn að átta sig á hvernig bæta megi stofnanir þjóðfélaga til að skapa efnahagsvöxt og betri lífskjör fólks.

Ýmsir gætu haldið fram, að hér sé ruglað saman fylgni og orsakasambandi, og að fylgni sé ekki nægilega góð röksemd fyrir einhverju. Það er út af fyrir sig rétt. Eitt besta dæmið úr tölfræðinni er, að fleiri dóu jafnan úr berklum í Arizona en öðrum ríkjum Bandaríkjanna. Var þá Arizona sérstaklega hættulegt berklasjúklingum? Nei, ástæðan er sú, að berklasjúklingar fluttust til Arizona, því að þar hentaði loftslagið þeim. Það gæti því verið, segja þeir sömu, að fylgni milli velmegunar og atvinnufrelsis sanni ekkert. Til dæmis geti þjóðir, sem eru ríkar, ákveðið að verða frjálsar. En sá galli er á þessari rökfærslu, að við vitum vel af sögulegri þekkingu okkar, að hún stenst ekki. Flestar þær þjóðir, sem við þekkjum, urðu ríkar, af því að og eftir að þær urðu sæmilega frjálsar. Þessu til stuðnings er líka kenning Adams Smiths, föður hagfræðinnar, um það, hvers vegna þjóðir verði ríkar. Þær verða ríkar, af því að þær stunda verkaskiptingu og

frjáls viðskipti. Verkaskiptingin er hagkvæm. Rannsóknin og mælingar styðja þessa kenningu föður hagfræðinnar. Fylgnin er orsakasamband, og á bak við þá ályktun liggur bæði söguleg reynsla og fræðileg kenning, og einnig hafa sérstakar rannsóknir á tölfræði baki þessu verið gerðar.

Tengslin milli atvinnufrelsis og stjórnmalafrelsis eru ekki eins sterk og tengslin milli atvinnufrelsis og góðra lífskjara. En það breytir því ekki, að tengslin milli atvinnufrelsis og góðra lífskjara eru vissulega sterk og að þau eru bersýnilega orsakatengsl: Þjóðir urðu almennt ríkar, af því að þær juku hjá sér atvinnufrelsi, en þær urðu ekki frjálsar, af því að þær urðu fyrst ríkar.

Heimildaskrá:

- Acemoglu, Daron, and James Robinson (2012). *Why Nations Fail*. Crown.
- Berggren, N., 2003. The benefits of economic freedom. A survey. *Independent Review* 8, 193–211.
- Bergh, Andreas, and Martin Karlsson. "Government size and growth: Accounting for economic freedom and globalization." *Public Choice* 142.1 (2010): 195–213.
- Compton, Ryan A., Daniel C. Giedeman, and Gary A. Hoover. "Panel evidence on economic freedom and growth in the United States." *European Journal of Political Economy* 27.3 (2011): 423–435.
- Dawson, J. (2003). Causality in the freedom-growth relationship. *European Journal of Political Economy*, 19, 479–495.
- De Haan, Jakob, Susanna Lundström, and Jan-Egbert Sturm. "Market-oriented institutions and policies and economic growth: A critical survey." *Journal of Economic Surveys* 20.2 (2006): 157–191.
- Doucouliafos, Chris, and Mehmet Ali Ulubasoglu. "Economic freedom and economic growth: Does specification make a difference?." *European Journal of Political Economy* 22.1 (2006): 60–81.
- Efendic, A., Pugh, G., Adnec, N., 2011. Institutions and economic performance. A meta-regression analysis. *European Journal of Political Economy* 27, 586–599.
- Justesen, Mogens K. "The effect of economic freedom on growth revisited: New evidence on causality from a panel of countries 1970–1999." *European Journal of Political Economy* 24.3 (2008): 642–660.
- Faria, Hugo J., and Hugo M. Montesinos. "Does economic freedom cause prosperity? An IV approach." *Public Choice* 141.1 (2009): 103–127.
- Friedman, Milton: *Frelsi og framtak*. Reykjavík: Almenna Bókafélagið og Félag frjálshyggjumanna, 1982.
- Gropper, Daniel M., Robert A. Lawson, and Jere T. Thorne Jr. "Economic freedom and happiness." *Cato J.* 31 (2011): 237.
- Gwartney, James. "Institutions, economic freedom, and cross-country differences in performance." *Southern Economic Journal* 75.4 (2009): 937–956.
- Gwartney, James, and Robert Lawson. "The concept and measurement of economic freedom." *European Journal of Political Economy* 19.3 (2003): 405–430.
- Gwartney, James, and Robert Lawson. "What have we learned from the measurement of economic freedom?." *Free to Choose* (2003): 216.
- Gwartney, James D., and Robert A. Lawson. "The impact of tax policy on economic growth, income distribution, and allocation of taxes." *Social Philosophy and Policy* 23.02 (2006): 28–52.
- Gwartney, James D., Randall G. Holcombe, and Robert A. Lawson. "Economic freedom, institutional quality, and cross-country differences in income and growth." *Cato J.* 24 (2004): 205.
- Gwartney, James, Randall Holcombe, and Robert Lawson (2006). Institutions and the Impact of Investment on Growth. *Kyklos* 59, 2: 255–276.

- Gwartney, James D., Robert Lawson, and Joshua Hall. *Economic Freedom of the World:2012 Annual Report*. Fraser Institute, 2012
- North, D. C. (1981). *Structure and change in economic history*. New York: Norton & Co.
- North, D. C., & Thomas, R. P. (1973). *The rise of the Western World. A new economic history*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Pitlik, H., 2002. The path of liberalization and economic growth. *Kyklos* 55, 57–80.
- Rode, Martin, and Sebastian Coll. "Economic freedom and growth. Which policies matter the most?." *Constitutional Political Economy* (2012): 1-39.
- Rode, Martin, and James D. Gwartney. "Does democratization facilitate economic liberalization?." *European Journal of Political Economy* (2012).
- Vega-Gordillo, Manuel, and Jose L. Alvarez-Arce. "Economic growth and freedom: a causality study." *Cato J.* 23 (2003): 199.